

sekt til landssjóðs fyrir framantalin meiðandi ummæli, og þykir sektin hæfilega ákveðin 50 krónur eða til vara 15 daga einfalt fangelsi. Framantalin meiðandi ummæli um áfrýjandann ber að dæma dauð og ómerk. Í málskostnað greiði stefndi áfrýjanda 30 krónur.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndi Halldór Sigurðsson greiði í sekt til landssjóðs 50 kr. eða sæti einföldu fangelsi í 15 daga, ef sektin er eigi öll greidd innan ákveðins tíma. Framangreind meiðandi orð og ummæli eiga að vera dauð og ómerk. Stefndi greiði áfrýjanda Halldóri prófasti Bjarnarsyni í málskostnað fyrir báðum réttum 30 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 26. febrúarmánaðar.

Nr. 4/1900:

Hið opinbera
gegn

Runólfi Péturssyni.

D ó m u r:

Með dómi lögregluréttar Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 15. desbr. f. á., var hinn kærði Runólfur kaupmaður Pétursson í Reykjavík dæmdur fyrir brot gegn lögum um veitingu og

sölu áfengra drykkja 10. feberúarm, 1888, 3. gr. til að greiða sekt 35 kr. til fátækra sjóðs Reykjavíkur, og til að lúka öllum málskostnaði. Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins eftir ósk hins kærða.

Með eiðfestri skýrslu tveggja vitna, sem eigi verður vefengd, er það þrátt fyrir neitun hins kærða sannað, að hann hafi 12. desbr. f. á. selt fyrir peninga brennivín á 1½ pela flösku, og fór salan fram í herbergi við hliðina á sölubúð hans, sem innangengt er í úr búðinni. Með þessu atferli hefir kærði gjörst brotlegur gegn 3. gr. í áðurnefndum lögum 3. febr. 1888, og þykir sekt sú, sem hann hefir til unnið fyrir brotið, hæfilega ákveðin eftir 9. gr. sömu laga 35 kr. og renni sektin öll í fátækra sjóð Reykjavíkur, með því að nota hefir orðið vitnisburð uppljóstursmanns til þess að sanna brotið. Hinn kærði verður og að greiða allan kostnað sakarinnar, og ber því að staðfesta lögregluréttardóminn að öllu leyti. Ásamt áfrýjunarkostnaði málsins skal kærði greiða málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 10 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn skal vera óraskaður. Kærði Runólfur Pétursson greiði einnig allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með

talín málfutningslaun til sækjanda og verjanda, við yfirdóminu, málfutningsmanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dómi þessum skal fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagri aðför að lögum.

Nr. 28/1899:

Halldór Bjarnarson
gegn
Þórði Jónssyni.

D ó m u r :

Mál þetta er í héraði höfðað af áfrýjanda Halldóri prófasti Bjarnarsyni á Presthólum gegn stefnda Þórði bónda Jónssyni á Kílsnesi í Þingeyjarsýslu út af meiðyrðum um hann í yfirlýsingu eða vottorði, er stefndi og nokkrir menn aðrir hafa ritað nafn sitt undir og fengið Einari Einarssyni nokkrum, er síðan lét prenta vottorðið aftan við ritling, er hann gaf út árið 1897, og sem nefndist »Svar til herra biskups Hallgríms Sveinssonar«. Var málið dæmt í auka-rétti Þingeyjarsýslu 25. nóv. 1898 þannig, að stefndi skyldi greiða í sekt til landssjóðs 25 kr. eða til vara sæta einföldu fangelsi í 7 daga. Svo skyldu flest hin átöldu ummæli vera dauð og ómerk og stefndi greiða áfrýjanda í málskostnað 20 krónur.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 11. ágúst f. á., og hefir